



Húsbíllinn nr 208 er nokkuð merkilegur, vegna þess að undir honum er hjöruliður úr mykjudreifara frá á Ljufustöðum. Eigandi bílsins er því stundum nefndur Hjörleifur. Í Stykkishólmi mætti “Hjörleifur” Gvendi Jóns og sagðist hafa gengið til laugar, til að skola af sér svitann eftir balliða Kaffi Knudsen.

-0-

Gekk til laugar garpur snjall,
gerði hlé á hrotum,
Eftir kvöldið Hjörsi kall
Komminn að niðurlotum.

H.208

Það lá svo makalaust ljómandi á
Valgerði Kristjánsdóttur (221) þegar
hópurinn lagði af stað frá Hólmavík
norður Strandir að hún lét sér þetta um
munn fara í talstöðina;

Við sumarsins ljúfa ljós og yl,
Ljómandi er gott að vera til
og í hópi flakkara ferðast.
Mér finnst sem ég lifni og ljómi öll
og líti út bílinn sem draumahöll
mín ánægja mun ekki skerðast.

-0-

Við erum frjalsir flakkarar
og ferðumst víða um land
pilsvargar og prakkarar
og príðmenn í bland.

Förukona í áfangastað.

-0-

Er hinsta brosið deyr á dagsins vör
og dvelur næturskuggi í húsi mínu,
ég klæði mig úr hverri minni spjör
og kúri sæl á mjúkri, hlýrri dýnu.

Er morgunblærinn blæs um víðan
geym

og bærir lauf og strá í garði mínum,
ég fer á stjá og fylgi köppum þeim,
sem flakka um á húsbílunum sínum.

H.208

